

- A ferðaskrifstofa
- B ferðaskrifstofa
- C ferðamaður
- D milliliður / sölusíða (t.d. Bókun)

A skipuleggur og setur saman pakkaferð

Aðkoma milliliðar eða miðlara, D, breytir ekki viðskiptasambandi A og B og hefur ekki áhrif á ábyrgð þeirra gagnvart framkvæmd ferða og tryggingaskyldu.

A skráir pakkaferðina á söluvef D t.d. í gegnum Bókun

B tekur ferðina í sölu hjá sér í gegnum vef D

A selur C ferðina í gegnum vefinn D

A ber alla ábyrgð á ferðinni og tryggingaskyldu vegna hennar

Hér er A í raun að selja pakkaferð beint til C

B selur C ferðina óbreytta fyrir hönd A og í nafni A

A er skipuleggjandi og B er smásali.
Tryggingaskylda er hjá A (nema samið sé um annað. Samningur þarf að liggja fyrir á milli A og B ef B á að bera tryggingaskylduna)

A og B bera sameiginlega ábyrgð á framkvæmd ferðar.
Komi til gjaldþrots A ber B að framkvæma ferðina.
A skráir ferðina sem tryggingaskylda veltu og B skráir hana sem pakkaferð tryggða af öðrum. (Ef samningur liggur fyrir um að B beri tryggingaskylduna þá skráir B ferðina sem tryggingaskylda og A sem pakkaferð tryggða af öðrum.)

B selur C ferðina óbreytta en alfarið í sínu nafni

Tryggingaskylda og ábyrgð á ferðinni er hjá B

Sambandið milli A og B er B2B.
Með því að selja ferðina alfarið í eigin nafni gerir B hana að sinni. B gefur ferðina upp sem tryggingaskylda veltu.
A skráir ferðina sem sölu á þjónustupáttum og þar með sem veltu undanþegna tryggingaskyldu.

B kaupir ferðina af A á vefnum D og bætir þjónustupáttum við hana áður en hann selur til C

B ber alla ábyrgð á ferðinni og tryggingaskyldu vegna hennar

Viðskipti A og B eru B2B.
Hér er A í raun að selja B nokkra þjónustupætti (t.d. gistingu og afþreyingu). Með því að bæta þjónustupáttum við (t.d. flugi, bílaleigubíl) býr B til nýja ferð sem B ber alfarið ábyrgð á.
B skráir ferðina sem tryggingaskylda veltu.
A skráir ferðina sem sölu á þjónustupáttum og þar með sem veltu undanþegna tryggingaskyldu.